




# MUNDILFARI

Félagsblað Lífspekifélagsins 3. tbl. 41. árg. okt. 2013  
ábm. Birgir Bjarnason

Lífspekifélag Íslands, Ingólfsstræti 22. Pósthólf 1257, 121 Reykjavík, sími 551 7520



## Úr minnisbók J. Krishnamurtis

*Gstaad, Sviss, 23. júlí 1961*

Vaknaði snemma þennan morgun með mjög sterka tilfinningu fyrir mætti, fegurð og óförgengileik. Þetta var ekki eins og eitthvað sem hafði gerst, upplifun sem var liðin og minning um hana eins og í draumi, heldur eitthvað sem var í rauninni að gerast. Maður hafði á tilfinningunni eitthvað sem var gersamlega óförgengilegt, eitthvað sem ekki gæti falið í sér neitt sem gæti rotnað eða rýrnað. Þetta var stórkostlegra en svo að heilinn gæti höndlað það eða fest í minni; hann gæti aðeins skráð vélrænt að til sé „ástandið“ óförgengileiki. Að upplifa slíkt ástand er gríðarlega þýðingarmikið. Það er þarna, takmarkalaust, ósnertanlegt, órjúfanlegt.

Vegna óförgengileikans býr í því fegurð. Ekki sú fegurð sem fölnar eða eitthvað sem mannshöndin hefur saman sett, né heldur seiðandi fegurð hins illa. Í nærveru þess virtist búa innsta eðli tilverunnar og því var það heilagt. Þetta var líf sem aldrei gat týnst. Dauðinn er óförgengilegur, en maðurinn spillir honum eins og lífinu.

Samfara þessu var tilfinning valds, máttar sem var eins massífur og fjallið, sem ekkert gat splundrað, sem engar fórnir, bænir eða dyggðir gætu nokkru sinni snert.

Það var þarna, ómælanlegt, sem engar hugrenningar geta spillt. Það var þarna og augun og andardrátturinn því tengd.

Tími og leti spillir. Þessu hafði haldið áfram um stund. Dögun var í nánd og það voru daggardropar á bílnum á grasflötinni fyrir utan. Sólin var ekki kominn upp, en snævi þakinn tindur var bar bjartur við grá-bláan himinn; þetta var töfrandi morgunn og ekki ský á himni. Hvers vegna mundi þetta henda okkur? Engin skýring er nógu góð, þótt unnt sé að finna upp nokkrar. Nokkur atriði eru þó nokkuð skýr. 1. Maður verður að sýna þessu algert hlutleysi er það kemur eða fer. 2. Það má ekki vera nein ósk um að halda upplifunni áfram eða geyma hana í minninu. 3. Viss líkamlegur næmleiki verður að vera fyrir hendi, visst skeytingarleysi fyrir þægindum. 4. Sjálfsgagnrýni og húmor verður að móta viðhorfið.

En jafnvel þótt maður hefði allt þetta af hreinni tilviljun, ekki vegna meðvitaðrar ræktunar og auðmýktar, að jafnvel þá nægir það ekki. Eitthvað gersamlega ólíkt er nauðsynlegt að sé fyrir hendi eða að ekkert sérstakt er nauðsynlegt. Það verður bara að koma, þú getur ekki sóst eftir því, sama hvað þú reynir. Þú mátt líka bæta kærleika við listann, en þetta er handan kærleikans. Eitt er víst, heilinn getur hvorki skilið það né höndlað. Blessaður er sá sem því er gefinn. Þú getur líka bætt við hljóðum, kyrrum heila.

*HH þýddi.*

## Dagskrá föstudaga kl 20:00

Félagð	4. okt.	<b>Kynningarfundur.</b> Halldór Haraldsson: Um Lífspekifélagið og Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur talar um alúð og vakandi athygli.	 
Veda	11. okt.	<b>Bernadetta Soubrou, stutt myndband um líf hennar og síðan spjall</b>	
Blavatsky	18. okt.	Tryggvi Guðmundsson: <b>Heimsmynd Martínusar og yogaheimspekin</b>	
Rvík.d.	25. okt.	Haraldur Erlendsson: <b>Meira um Sri Vidya</b> Um frumefnin, orkustöðvarnar og helgun þeirra til guðdómsins.	
Septíma	1. nóv.	Bergsteinn Jónsson: <b>Líf – sálfræði orkustöðvanna</b> Fjallar um tengingu huga og líkama í gegnum orkustöðvarnar.	
Mörk	8. nóv.	Guðfinnur Jakobsson <b>fjallar um Mikjál erkiengil</b>	
Veda	15. nóv.	<b>Geimverur til forna</b> , mynd og spjall í umsjá Birgis Bjarnasonar	
Baldur	22. nóv.	Haraldur Erlendsson: <b>Glastonbury, saga og mælingar</b>	
Blavatsky	17. jan.	Jón Ellert Benediktsson: <b>Hversdagsvitund og frumvitund</b>	
Rvík.d.	24. jan.	Helgi G Garðarsson: <b>Brot úr Grettissögu frá sjónarhorni Jungianskra fræða.</b> Jungianskur fræðirammur er ekki einungis notaður við sálfræilega meðferð, hann er líka gagnlegur við bókmenntagreiningu. Í fyrirlestrinum verður rýnt í Grettissögu samkvæmt þessari hefð og ljósi varpað á erkiþpur og önnur Jungiönsk fyrirbæri í sögunni.	
Septíma	31. jan.	Þór Jakobsson veðurfræðingur: <b>Hugmyndafræði sólstöðugöngunnar. Hún hefur verið nefnd meðmælaganga með lífinu og menningunni og hefur verið gengin árlega síðan 1985</b>	

### Alúð

Fræðslufundur Alúðar, félags um vakandi athygli og núvitund verður haldinn í húsi Lífspekifélags Íslands fimmtudaginn 24. október kl. 17.

Pálína Erna Ásgeirsdóttir sálfræðingur fjallar um reynslu sína af námskeiði hjá Jon Kabat Zinn og Saki Santorelli sem nefnist MIND BODY MEDICINE

Þema námskeiðsins, sem fjallaði um að minnka streitu með vakandi huga, var tengsl hugar og líkama í áföllum, sorg og öðrum erfiðleikum. Einnig var fjallað um getuna sem við höfum til að halda áfram þrátt fyrir áföll og hvíla í kærleika gagnvart reynslu okkar.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis en frjáls framlög vel þegin til að standa undir kostnaði – til dæmis kr. 1200 sem samsvarar einum bíómiða.

## Dagskrá laugardaga kl 15:30 hugleiðing / íhugun, kl. 16 kaffi, umræðuefni

Félagið	5. okt.	Anna Valdimarsdóttir leiðir stutta íhugun og Guðbrandur Árni Ísberg sálfræðingur talar út frá nýútkominni bók sinni <i>Í nándinni – innlifun og umhyggja</i> sem fjallar kjölfestu hamingjunnar: Nærandi og örugg tengsl við annað fólk.
Veda	12. okt.	Birgir Bjarnason, 15:30 hugleiðing. Umfjöllunarefni: <b>Orkusvið líkamans.</b>
Blavatsky	19. okt.	Sigríður Einarsdóttir. 15:30 hugleiðing. Kaffi, lesið úr bókinni <i>Kristur í oss.</i> Tónlist.
Rvík.d.	26. okt.	Leifur Leifsson, 15:30 hugleiðing. Hugur, uppljómun og innri gerð mannsins. Spjall um mismundi sýn manna á þessi fyrirbæri.
Septíma	2. nóv.	Þórgunna Þórarinsdóttir leiðir hugleiðingu og segir frá reynslu sinni af hugrækt.
Mörk	9. nóv.	Þorgerður Guðmundsdóttir leiðir hugleiðingu og umræður á eftir.
Veda	16. nóv.	Hugleiðing í umsjá Birgis Bjarnasonar 15:30. Umfjöllunarefni: Mynd-diskur með samræðum Krishnamurtis við tvo vísindamenn, Bohm og Schainberg, <b>Are we aware that we are fragmented?</b> og fjallar mest um hve hugsanir og ég-ið truflar andlega viðleitni. Í umsjá Halldórs Haraldssonar.
Baldur	23. nóv.	<b>Spjallfundur:</b> Málshefjandi Þórarinn Þórarinsson.
Blavatsky	18. jan.	Þorgerður Jóhanna Guðmundsdóttir leiðir íhugun 15:30 og spjallar eftir kaffið.
Rvík.d.	25. jan.	Haraldur Erlendsson, 15:30 hugleiðing, erindi eftir kaffi. Fjallað um byrjun á möntru iðkun, fyrstu dagarnir, fyrsti mánuðurinn. Tilraun með möntru hugleiðingu, mantra eldguðsins Agni.
Septíma	1. feb.	Þórgunna Þórarinsdóttir leiðir hugleiðingu og fjallar um YAMA og NIYAMA.



## Ýmsir þættir starfsins

### Breytingar í stjórn

Halldór Haraldsson, forseti  
Anna Valdimarsdóttir, varaforseti  
Leifur H. Leifsson, ritari  
Magni Sigurhansson, gjaldkeri  
Birgir Bjarnason, meðstjórnandi

### Varastjórn:

Gísli V. Jónsson  
Vilhjálmur Hjaltalín Jónsson  
Brynja Gísladóttir

### Lífsspekifélagið á vefnum

Á síðu félagsins <http://www.lifspekifelagid.is> er hægt að sjá ýmislegt m.a. dagskráanna og greinar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á fésbókinni:

[www.facebook.com/pages/Lifspekifelagid](http://www.facebook.com/pages/Lifspekifelagid)

### Mundilfari í tölvuna

Þar sem fjárhagur félagsins er þröngur leitar það leiða til að spara. Ein leiðin er að hætta að senda Mundilfara í pósti. Allir geta fengið Mundilfara sendan í vefpósti. Slíkt sparar félaginu ljósrítunar- og póstkostnað.

Þeir sem óska eftir Mundilfara rafrænt þurfa að senda netfang sitt til: [birgirbjarna@simnet.is](mailto:birgirbjarna@simnet.is). Sendið fullt nafn með og helst heimilifang.

### Árgjald og Gangleri

Samþykkt var á aðalfundi að árgjald félagsins verði óbreytt kr. 5000 en verð Genglera kr. 2500. Sú breyting verður að allir félagar fá nú sendan Ganglera og greiða því kr. 7500. Gangleri verður eftirleiðis ársrit Lífsspekifélagsins og á að koma út fyrir septemberlok. Þeir sem þegar hafa greitt blaðið verða ekki rukkaðir aftur.

## Fundartímar

Fundartími á föstudögum verður áfram kl 20. Á laugardögum verður lögð áhersla á hugleiðingu (ihugun) og fræðslu tengdri henni eða annað efni. Hugleiðing hefst kl 15:30. Síðan er kaffi kl 16 og síðan fræðsla.

## Bókasafn og bókaþjónusta

Bókaþjónustan er opin á fimmtudögum kl. 16:30 til 18:30. Á sama tíma er bókasafnið opið. Halldór Haraldsson sér um bókaþjónustuna.

## Leshópur á sunnudögum

Leshópurinn sem starfað hefur undanfarin ár, heldur áfram á sunnudagsmorgnum kl. 11:00. Fundinum lýkur ávallt með stuttri hugleiðingu (u.þ.b. 10 mín.). Frekari upplýsingar veitir Jón í síma 694 2532.

## Félagaskrá

Tilkynningar vegna bretinga í félagaskrá berist til Leifs Leifssonar, ritara: [leifurhl@gmail.com](mailto:leifurhl@gmail.com)

Þeir sem vilja styrkja félagið með beinum fjárframlögum geta gert það með því að leggja inn á neðangreint reiknisnúmer:

Reiknisnúmer: 0111-26-517509 Kennitala félagsins er 580169-4739

Hvað er hugur? Er það aðeins kerfi boða eða eitthvað annað?

— Bart Simpson

Sjálfspeking er hættuleg.

— Lou Reed

Sérhvertt barn er ævintýri í betra lífi – tækifæri til að breyta hinu gamla mynstri og gera það nýtt.

— Hubert H. Humphery

Lifandi fyrirbæri eru skilgreind á annan hátt en dauð. Þau einkennast af ótal breytingum á sérhverju augnabliki sem gerast í því.


— Herbert Spencer

Á milli þekkingar og langana standa ... tilfinningar.

— Immanuel Kant

Sérhverju hvað fylgir hvers vegna.

— Shakespeare



Sími forseta er 554 2957 / 695 8955

Netfang: [lifspekifelagid@gmail.com](mailto:lifspekifelagid@gmail.com) Lén: [www.lifspekifelagid.is](http://www.lifspekifelagid.is)

Fimmtudaga kl. 16:30 til 18:30 er bókasafnið, bókaþjónustan og skrifstofan opin yfir vetrarmánuðina.

Laugardaga kl 15:30 til 17:30 er opið hús, hugleiðing / ihugun og umræðuefni.